

# Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2021

Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblaði vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, **eftir atvikum**, skila í tengslum við ársuppgjör og skil á skattframtali 2021. Unnt er að skila ofangreindum eyðublöðum með rafrænum framtalsskilum en einnig má sækja eyðublöðin á upplýsingavef Skattsins.

## 1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25

Gerð er krafa til allra þeirra sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 2020 að þeir beri virðisaukaskattsskýrslur sínar saman við ársreikning og bókhald. Ef talið er fram til tekjuskatts á forminu „Skattframtal rekstraraðila“ (RSK 1.04) er samanburðurinn innifalinn í því formi svo sem efni þess segir til um, þó að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi aðeins eitt vsk-númer. Að öðrum kosti skal útfyllt „Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.25) fyrir hvert vsk-númer og henni skilað rafrænt með skattframtali 2021.

Bændur sem skila „Landbúnaðarskýrslu“ (RSK 4.08), þurfa ekki að skila samanburðarskýrslunni þar sem umræddur samanburður er innifalinn í því formi.

Einstaklingar sem skila „Rekstrarskýrslu“ (RSK 4.11) með skattframtali sínu verða jafnframt að fylla út og skila samanburðarskýrslunni (RSK 10.25).

## 2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26

Komi fram mismunur við framangreindan samanburð skal leiðréttingu komið á framfæri með „Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts“ (RSK 10.26). Einnig er heimilt að skila leiðréttingu fyrir hvert uppgjörstímabil með rafrænum hætti á þjónustuvef embættisins *skattur.is* áður en skattframtali er skilað. Þeir sem hafa skemmri uppgjörstímabil en tvo mánuði skulu þó skila leiðréttingu með rafrænum hætti fyrir hvert uppgjörstímabil ársins áður en skattframtali er skilað.

## vefskil virðisaukaskatts

- engin tímapressa
- enginn pappír
- auðvelt að greiða
- auðvelt að muna
- einfaldar bókhaldið

Feli niðurstaða leiðréttingar í sér greiðsluskyldu skal greiðsla innt af hendi án frekari tafa hjá innheimtumanni ríkissjóðs (ríkisskattstjóri, innheimtu- og skráasvið, en sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins). Hægt er að greiða virðisaukaskatt með því að leggja inn á reikning innheimtumanns: banki 0101, hb. 26, reikningsnúmer 85002 og kennitala 540269-6029. Kvittun með skýringu, þar sem fram komi kennitala skattaðila, vsk-nr., uppgjörstímabil og ár, sendist á tölvupóstfangið 85002@skatturinn.is. Upplýsingar um bankareikninga innheimtumanna utan höfuðborgarsvæðisins er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra [skatturinn.is/innheimta/innheimta-skatta-og-gjalda](https://skatturinn.is/innheimta/innheimta-skatta-og-gjalda)

Í öðrum tilvikum skal skýrslunni skilað rafrænt til Skattsins í síðasta lagi með skattframtali 2021.

## 3. Afstemmingarblað - RSK 10.27

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti skv. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 2020 fyrir tveggja mánaða skil, júlí-des. 2020 fyrir sex mánaða skil eða jan.-des. 2020 fyrir ársskil. Afstemmingarblaði skal skila til Skattsins í síðasta lagi með skattframtali 2021. Niðurstöðutölu afstemmingarblaðs sem skilað er með skattframtali skal færa inn á „Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts“ RSK 10.26.

**Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá Skattinum.**